

## Káranes og Káraneskot:

Af Laxá .....	2.15%	
— Bugðu .....	1.55%	
		3.70%

## Laxárnes:

Af Laxá .....	22.87%	
— Bugðu .....	1.75%	
		24.62%

## Grjóteyri og Flekkudalur:

Af Meðalfellsvatni .....	4.70%	
— Flekkudalsá .....	0.76%	
		5.46%

Sandur .....		0.50%
		100.00%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*

## A R Ð S K R Á

### fyrir Veiðifélag Húseyjarkvíslar í Skagafirði.

	Einingar		Einingar
Reykir .....	14	Stóra Seila .....	15
Reykjavellir .....	25	Krossanes .....	70
Daufá .....	36	Geldingaholt .....	69
Vindheimar .....	75	Holtskot .....	23
Saurbær .....	45	Garðhús .....	23
Laufás og Brenniborg .....	38	Halldórsstaðir .....	10
Borgarey .....	46	Glaumbær .....	33
Krithóll .....	24	Hátún og Mikligarður .....	25
Álftagerði .....	30	Jaðar .....	12
Viðimelur .....	45	Marbæli .....	27
Húsey .....	89	Kjartansstaðir og Kjartansstaðakot	17
Brekka .....	9	Páfastaðir .....	21
Reykjahóll .....	30	Litla-Gröf .....	10
Lauftún .....	22	Stóra-Gröf .....	8
Langamýri .....	22	Ytri-Húsabakki .....	15
Grófargil .....	14	Syðri-Húsabakki .....	52
Brautarholt .....	6		

Alls 1000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 9. febrúar 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

11. febrúar 1966.

Nr. 39.

## REGLUGERÐ

**um takmörkun leigubifreiða á Ísafirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.**

### 1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Ísafirði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Ísafjarðar, þannig, að ein leigubifreið komi á hverju 200 íbúa, sem lögheimili eiga á Ísafirði samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

### 2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Ísafirði, nema hann hafi öðlazi atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á Ísafirði. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

### 3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð á Ísafirði, hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

### 4. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um á þar til gerðu eyðublaði til Bifreiðastjórafélagsins Orku.

Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð á Ísafirði um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Orku, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt. Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Orku skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum. Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar þannig, að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðastjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfishifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.